



Félagsstofnun
stúdentanna

Velkominn í leikskólann

Í leikskólanum er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra með velferð barnsins að leiðarljósi. Stofnað er til foreldrasamstarfs á jafnréttisgrundvelli þar sem foreldrar eru sérfræðingar í málefnum barna sinna og starfsfólk leikskóla sérfræðingar í námsumhverfi þeirra. Samstarf um barnið er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu s.s. á foreldrafundum, í viðtölum og ekki síst í daglegum samskiptum. Þannig byggist upp sameiginleg þekking starfsfólks og foreldra á sérhverju barni, þroska þess og líðan í barnahópnum.

Í Sólgarði nýtum við okkur þátttökuaðlögun:

<http://www.leikskolabanki.blog.is/blog/leikskolabanki/entry/1231168/>

Foreldrar eru hér í aðalhlutverki og af þeim lærir starfsfólk leikskólans að annast barnið og þekkja styrkleika þess og þarfir. Frá fyrsta segi er lögð áhersla á að byggja upp góð tengsl á milli leikskólans og fjölskyldu barnsins.

Meiri líkur eru á farsælu samstarfi um barnið ef foreldrar og starfsfólk þekkja vel aðstæður og sjónarmið hvers annars. Foreldra sem eru virkir þátttakendur í starfsemi leikskólans eru líka öruggari um vellíðan og velferð barna sinna.

Í leikskólum eru starfandi foreldrafélög. Hlutverk þeirra er að styðja við leikskólastarfið, stuðla að velferð barnanna og efla samskipti foreldra innbyrðis og við leikskólann. Því viljum við hvetja þá foreldra sem hafa áhuga á að starfa í stjórn foreldrafélagsins að láta okkur vita.

Hverjum leikskóla ber að meta árangur og gæði skólastarfsins. Það er liður í því að efla fagstarfið. Niðurstöður nýtast til umbóta og áætlanagerða um stefnumótun skólans, hugmyndafræði og skipulag fagstarfsins.

<http://www.highscope.org/Content.asp?ContentId=115>

Skóla- og frístundasvið sendir reglulega út viðhorfskönnun til foreldra allra leikskóla í Reykjavík þar sem þeir eru beðnir um að meta ýmsa þætti í innra starfi leikskólans. Markmið slíkra kannana er að bæta þjónustu leikskólans, skipuleggja betur fagstarfið og stuðla að stöðugri framþróun.

Leikskólar stúdenta vinna allir eftir sömu uppeldisstefnunni, High Scope og má finna allar upplýsingar um stefnuna á heimasíðu skólans <http://www.leikskolinn.is/solgardur/>, <http://www.highscope.org/> Við leikskólana starfar þróunarfulltrúi, Íris Dögg Jóhannesdóttir. Hefur hún yfirumsjón með innleiðingu og skipulagi faglegrar stefnumótunar á leikskólum stúdenta.

Hornsteinn HighScope er trúin á að virkt nám sé undirstaðan fyrir manneskjuna til að ná fullum þroska og getu og að virkt nám sé árangursríkast í umhverfi sem sér börnunum fyrir verkefnum sem hæfa aldri og þroska þeirra. Nám er félagsleg reynsla þar sem börn eiga í miklum samskiptum í leik og starfi. Börn læra hlutina á ólíkan hátt, hafa ólík áhugamál og hlutirnir liggja misvel fyrir þeim en þau eru líkleg til að ná bestum þroska þegar þau eiga í samskiptum við aðra, bæði jafningja og fullorðna.

Persónulegt frumkvæði barnanna er það sem liggur að baki virku námi þeirra. Ung börn fylgja löngun sinni til að kanna hluti, þau spyrja og leita svara við spurningum um fólk, efni, hugmyndir og hluti sem þau hafa áhuga á og vekja forvitni þeirra, þau leysa vandamál sem koma í veg fyrir að þau nái markmiðum sínum og leita nýrra leiða til að ná þeim.

Í HighScope er einblínt á styrkleika barnanna og getu og þau hvött til að koma framkvæma hugmyndir sínar. Börnin öðlast traust og frumkvæði, forvitni þeirra eykst, þau verða úrræðagóð, sjálfstæð og ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.

Umhverfi fyrir ung börn verður að vera hlýlegt og veita þeim öryggi auk þess að veita mörg tækifæri fyrir virkt nám. Vel skipulagt námsumhverfi ýtir undir líkamsþroska, tjáningu, vitsmunaproska og félagsleg samskipti. Virkt námsumhverfi fyrir ung börn hvetur þau til að horfa, hlusta, vaggja sér, velta sér, skríða, klifra, hoppa, hvíla sig, borða, vera með læti, grípa, kasta, setja hluti í munninn og vera „subbuleg“ af og til. Umhverfið og efniviðurinn er skipulagt þannig að það ýti undir og efli börnin í að kanna umhverfi sitt. Deildunum er skipt niður í aðgreind svæði, samt þannig að það sé yfirsýn og börnin komist auðveldlega á milli þeirra til að kanna, skapa, leysa vandamál og rannsaka umhverfið.



www.leikskolinn.is/solgardur



www.leikskolinn.is/solgardur

Hvað getur þú gert til að stuðla að velferð barnsins þíns í leikskólanum?

- Sýnt námi barnsin lifandi áhuga og tekið virkan þátt.
- Notað hvert tækifæri sem gefst til að koma í leikskólann og kynnst reynsluheimi barnsins og námsdegi þess.
- Vera vakandi fyrir því sem barnið nemur og hvetja það.
- „Spjalla og hlusta“
<https://www.heilsugaeslan.is/library/Files/throunarst.-Ung-og-sma/M%C3%A1l%C3%Beroski%20barna%20er%20m%C3%A1l%20foreldra.pdf>
- Afla upplýsinga um leikskólastarfið ef eitthvað er óljóst
- Veitt starfsfólki leikskólans upplýsingar um allt sem gæti haft áhrif á líðan og hegðun barnsins

Hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra.

Hvað á að vera í körfunni inn á deild?

- 2 samfellur
- 2 sokkabuxur eða sokkar
- Buxur
- peysa

Hvað á að vera í hólfinu í fataklefanum / hvernig myndi ég klæða barnið mitt í dag?

- Regngalli
- Úlpa
- Þykk peysa
- Húfur, þykk og þunn
- Kuldagalla
- Vettlinga, gott að hafa auka fyrir svefninn
- Stígvél / skór

Tæma þarf hólfín á föstudögum vegna þrifa.

Nauðsynlegt að merkja vel allar eigur barnsins <http://rogn.is/>

Svefn

- Gott er að hafa eitt snuð í fataklefa og annað í hólfu inn á deild
- Gott að merkja snuðin eða hafa í snuddubandi <http://barnafot.is/>
- Í vagninum þarf að vera: beisli, flugnanet og regnplast
- Ganga frá vagninum þannig að hann sé tilbúin fyrir hádegislúrinn

Matur

- Koma með vottorð ef um fæðuóþol / ofnæmi er að ræða
- Morgunverður er til 8:50 en foreldrum er velkomið að sjá sjálf um að gefa börnum sínum morgunmat eftir þann tíma.

Dagskipulag

- Á milli 10:30 og 13:00 tökum við ekki á móti börnunum nema að um það sé rætt (læknistímar o.þ.h.) því þá fer fram skipulagt starf, hádegisverður og hvíld.

Afmæli

- Við höldum upp á afmæli barnanna í skólanum og ykkur er velkomið að koma með ávexti í síðdegiskaffi. Biðjum þó um að ofnæmisvaldandi ávöxtum s.s appelsínur, jarðaber og kiwi sé sleppt.

Helstu símanúmer, netföng og heimasíður

- Putaland.....551-9247.....putaland@fs.is
- Álfaland.....551-9244.....alfaland@fs.is
- Undraland.....551-9243.....undraland@fs.is
- Ævintýraland.....551-9242.....aevintyraland@fs.is
- Leikskólastjóri.....551-9241 / 820-0733 solla@fs.is
- Kaffistofa starfsfólks.551-9240.....
- leikskolinn.is/solgardur
- highscope.org
- fs.is
- Einnig eru Facebook hópar fyrir hverja deild þar sem foreldrar geta skilið eftir skilaboð og skipst á skoðunum um lífið og tilveruna.